

35 aura, af hverjum 100 kg. af fóðurmjöli og fóðurkökum 1 kr. og af hverjum 100 kg.
19. júní. af áburðarefnum 25 aura.

2. gr.

2 síðari málsgreinar 2. gr. laganna eru úr gildi feldar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

36

19. júní

L ö g

um

breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í þeim skólahjeruðum, utan kaupstaða, þar sem eru heimangönguskólar
eða settir verða á stofn heimavistarskólar og reglugjörð þeirra og hollustuhættir
samþykkt af yfirstjórn fræðslumála, skulu öll börn skólahjæraðsins á skólaskyldu-
aldri njóta þar kenslu að minsta kosti 12 vikur á ári, nema skólanefnd veiti und-
anþágu. Heimilt er þó að ákveða í reglugjörð skólans, að þessi skólaskylda skuli
einungis ná til 12—14 ára barna, enda sje þá yngri börnum sjeð fyrir lögskip-
aðri fræðslu á annan hátt,

2. gr.

36

Geti fræðslunefnd sjeð öllum börnum fræðsluhjaraðs á aldrinum 10—14¹⁹. júní.
ára fyrir fullnægjandi fræðslu farskólalaust, með eftirlitskennara eða með eftirliti sóknarprests eða á annan hátt, er henni það heimilt.

3. gr.

Sóknarprestum skal skylt að hafa eftirlit með barnafræðslu, hverjum í sínu prestakalli, í samráði við skólanefndir og fræðslunefndir, eftir því sem önnur embættisstörf þeirra leyfa. Þeir skulu vera prófdómendur við barnapróf, hver í sínu prestakalli, en þó skipar yfirstjórn fræðslumála sjerstaka prófdómendur, auk prestanna, við barnapróf í kaupstöðum og annarsstaðar þar sem fjölment er, svo og þar sem prestslaust er eða prestaköll mjög víðlend, eftir því sem henni þykir þörf.

Sóknarprestum ber engin sjerstök borgun fyrir störf samkvæmt þessari grein.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.